



Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 11. maí 2020

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 16:30.

Mætt voru: Anna Margrét Birgisdóttir, Helgi Bragason, Þorbjörg Sandholt, Bára Stefánsdóttir.
Anna stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019

Farið yfir drög að ársreikningi.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun og sundurliðun rekstrarframlaga til safnsins árið 2021.
Verður tekið til annarrar umræðu þegar skatttekjur aðildarsveitarfélaganna liggja fyrir.

3. Stofnsamningur byggðasamlagsins

Unnið er að endurskoðun stofnsamningsins.

4. Önnur mál

Persónuverndarfulltrúi: Héraðsskjalasafnið þarf að tilnefna persónuverndarfulltrúa fyrir safnið í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Báru falið að skoða mögulega útfærslu og kostnað.

Sérverkefni: Skrifað hefur verið undir samning við Fljótsdalshérað um að Héraðsskjalasafnið taki að sér sérverkefni fyrir sveitarfélagið. Til greiðslu koma 3,3 millj. króna á árinu. Búið er að ráða starfsmann tímabundið til að sinna skráningarhluta verksins. Ráðgjöf verður í höndum héraðsskjalavardar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00.

Anna Margrét Birgisdóttir [sign.]

Helgi Bragason [sign.]

Þorbjörg Sandholt [sign.]

Bára Stefánsdóttir [sign.]